




Rýmum fyrir nýjum stafrænum myndavélum
fyrstur kemur fyrstur fær!

Til dæmis: G2 myndavél 4MB 89.900/79.900
S 40 myndavél 4MB 69.900/59.900



NÝHERJI

Bókhlaðan

ÓNÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Fimmtudagur 19. júní 2003 • 24. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Héraðsdómur Vestfjarða

Aðalmeðferð í brottkastsmáli Bjarma BA

Aðalmeðferð í máli gegn útgerð og skipstjóra Bjarma BA á Tálknafirði hófst í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku.

Ríkislögreglustjóri höfðaði málið fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, með því að ákærði Níels Ársælsson, sem skipstjóri á Bjarma BA 326, „hirti ekki, landaði ekki né lét vega allan afla skipsins í samræmi við það sem lög áskilja, í tveimur veiðiferðum þess út af Vestfjörðum laugardaginn 3. nóvember og sunnudaginn 4. nóvember 2001 sem landað var í Flat-eyrarhöfn að veiðiferðunum loknum þar sem áhöfn þess henti að minnsta kosti 53 þorskum af afla skipsins aftur í hafið skömmu eftir veiði þeirra“, eins og segir í ákærunni.

Réttarhöldum var síðan



Níels A. Ársælsson (t.h.) og verjandi hans, Hilmar Ingimundarson hrl., ráða ráðum sínum við dyr Héraðsdóms Vestfjarða.

frestað til 27.júní þar sem enn átti eftir að yfirheyra nokkur vitni.

halfdan@bb.is



Ráðstefnan „Vestfirðir, aflstöð íslenskrar sögu“

Á þriðja tug sérfræðinga mættu til leiks

Ráðstefna undir heitinu „Vestfirðir, aflstöð íslenskrar sögu“ var haldin í húsakynnum Menntaskólans á Ísafirði um helgina. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, setti ráðstefnuna á sal skólans á föstudagskvöld. Síðar um kvöldið var tekið á móti gestum í Turn- og Tjöruhúsunum í Neðstakaupstað þar sem Jón Páll Halldórsson, formaður Sögufélags Ísfirðinga, hélt tölu um félagið sem er fimmtíu ára um þessar mundir.

Hátt í þrjátíu sérfræðingar héldu erindi á ráðstefnunni. Þeirra á meðal voru Jón Þ. Þór sagnfræðingur, Torfi H. Tulinius miðaldafræðingur, Björn

Teitsson, fyrrverandi skóla-meistari Menntaskólans á Ísafirði og Ólína Þorvarðardóttir, núverandi skólameistari.

Menn virðast almennt sam-mála um að ráðstefnan hafi tekist eins og best verður á kosið. Nánar má lesa um málið á innsíðum blaðsins.

– halfdan@bb.is

Húseignirnar í Bræðratungu í Tungudal við Ísafjörð

Hæsta tilboð tæpar 34 milljónir

Tilboð í húseignir Bræðratungu, sambýlis og hæfingarstöðvar fatlaðra í Tungudal á Ísafirði, voru opnuð hjá Ríkiskaupum fyrir síðustu helgi. Alls bárust sjö tilboð og var það hæsta frá Lárusi Einars-syni í Mosfellsbæ upp á kr. 33.878.000. Samtals eru byggingarnar rúmlega eitt þúsund fermetrar og brunabótamat þeirra er um 110 miljónir.

Ríkiskaup skila niðurstöðum útboðsins til félagsmálaráðuneytisins. Að sögn Þórs G. Þórarinssonar hjá fjöl-skylduskrifstofu ráðuneytisins verður farið yfir málið á næstu dögum og ákvarðanir um samninga teknar í framhaldi af því.

kristinn@bb.is



Bræðratunga.



OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!



NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460




SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM




Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólögðu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Hálfadán Bjarki Hálfadánsson
sími 863 7655
halfdan@bb.is

Ritstjóri neftúrgáfa:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig

Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.

Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-**

barinn, Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-

arstræti 2, sími 456 3123.

Bensínstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**

Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,

sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Veðrið lék við Ísfirðinga á þjóðhátíðardaginn

Fjölmenni safnaðist saman á Eyrartúni á Ísafirði til að taka þátt í hátíðahöldum 17. júní. Ekki spillti gleðinni að veður var með allra besta móti og fólk því léttklætt í bænum ekki síður en léttlynt. Inga. S. Ólafsdóttir, formaður menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar, setti hátíðina en síðan söng Sunnukórinn nokkur lög. Herdís Anna Jónasdóttir, tónlistarkona og nýbakaður dux scholae frá Menntaskólanum á Ísafirði, flutti ávarp fjallkonunnar og Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar flutti hátíðarræðu.

Fram eftir degi var boðið upp á fjölbreytt skemmtiatriði

og ýmsa leiki fyrir yngri kynslóðina. Meðal annars sýndu ungir dansarar listir sínar og vöktu tilþrif þeirra athygli hátíðargesta.

Opnun Safnahússins á Eyrartúni gerði þennan þjóðhátíðardag óvenju svipmikinn á Ísafirði enda mikill áfangi fyrir menningarlíf í Ísafjarðarbæ sem á Vestfjörðum öllum. Um kvöldið var dansað í Neðsta-kaupstað við undirleik hljómsveitapíla af yngri skólanum – Unaðsdals, BMX og Apolló.

Viðburðir á þjóðhátíðardaginn hófust óvenjusnemma að þessu sinni en kl. hálf tíu um morguninn hópaðist fólk niður á Sundahöfn til að taka þátt í



Sunnukórinn á Ísafirði flutti nokkur lög við hátíðarathöfnina á Eyrartúni.

dorgveiði undir stjórni Guð-
jóns M. Þorsteinssonar.

Skömmu síðar var lagt upp í
sögurölt um Ísafjörð undir

leiðsögn Sigurðar Péturssonar
sagnfræðings. –kristinn@bb.is



Hljómsveitin Unaðsdalur tók lagið í Neðstakaupstað.



Grillararnir höfðu í nógu að snúast.



Fjallkonan flytur ávarp sitt á Eyrartúni. Að baki henni er Sunnukórinn á Ísafirði.

Upphafskvóti á rækju í Ísafjarðardjúpi verður 700 tonn

Rækjustofninn í Djúpinu sá minnsti í 16 ár

Samkvæmt stofnmati Haf-
rannsóknastofnunar er rækju-
stofninn í Ísafjarðardjúpi nú
sá minnsti í 16 ár. Stofnunin
leggur til að upphafsafli á

næsta fiskveiðiári verði 700
tonn. Tillögur um hámarksaflla
á vertíðinni allri verða eins og
endranær kynntar að loknum
hefðbundnum haustkönnun-

um.
Í ástandsskýrslu stofnunar-
innar segir að þessi lægð stafi
sennilega mest af aukinni
þorskgengd veturna frá 1996/

97 til 2002/03. Afli hafi líka
verið nokkuð sveiflukenndur
eða um 2.000 til 2.800 tonn á
árunum 1990 til 1996 en að-
eins um 1.000 tonn undan-

farna vetur. Á síðustu vertíð
var kvendýravísitalan sú læg-
sta frá upphafi og rækja á
fyrsta ári áberandi.

– halfdan@bb.is

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RIITSTJÓRNARGREIN

Safnahús Ísafjarðar

Enginn dagur hefði verið betur til þess fallinn að opna Safnahús Ísafjarðar en þjóðhá-
tíðardagurinn. Með tilkomu Safnahússins Eyrartúni eru bókasafn bæjarins, héraðs-
skjálasafnið og ljósmyndasafnið, sem allt fram til þessa hafa búið við þröngan kost,
komin í glæsilegt framtíðarhúsnæði. Með því er Listasafni Ísafjarðar einnig búin viðeig-
andi umgjörð. Nú gefst almenningi kostur á að njóta verka í eigu safnsins, sem hingað
til hafa að mestu mátt hrasa í geymslum. Í Safnahúsinu mun nemendum vaxandi skóla-
bæjar gefast kostur á að nýta sér góðan bókakost og þá mun hugsað fyrir aðstöðu til
rannsóknna fyrir þá sem vinna að verkefnum sem tengjast Vestfjörðum.

Ekki er ofmælt að Safnahúsið, sem Guðjón heitinn Samúelsson teiknaði sem sjúkrahús
og byggt var árið 1925, er með fállegri húsum, sem augum gefur að líta. Nú þegar búið
er að koma húsinu í upprunalegt útlit er ánægjulegt að þegar skuli vera farið að huga að
frágangi lóðarinnar í kringum það. Vel er að við það verk skuli litið til tillögu Guðjóns
að skipulagi á Eyrartúni, frá þeim tíma er hann teiknaði húsið, þótt eflaust kunni svo að
þykja að hún henti ekki með öllu nú á tímum.

Við skipulag lóðarinnar þarf að ganga út frá því að þarna verði unnt að standa vel að
úti hátíðahöldum líkt og á þjóðhátíðardegi og afmæli bæjarins, svo dæmi séu tekin.
„Sjúkrahústúnið“, eins og lóðin hefur verið kölluð til þessa, hefur áunnið sér þann sess

meðal bæjarbúa að á þessum stað vilja bæjarbúar áfram koma saman til úti hátíðahalda.
Við frágang lóðarinnar verður því að fara saman hagnýt notkun og augnayndi, þar sem
Safnahúsið og umhverfi þess verður óhjákvæmilega sá hluti bæjarins, sem fyrst að
marki fangar ferðalanginn, sem til bæjarins kemur.

Um leið og Safnahúsið er tekið í notkun verður ekki hjá því komist að hugsað sé til
Byggðasafnsins, sem verið hefur bak við lás og slá á Sundlaugarloftinu um árabíl.
Næsta verkefni bæjaryfirvalda í safnamálum hlýtur að miða að því að byggja yfir
Byggðasafnið í Neðstakaupstað. Útlit þeirrar byggingar verður að miðast við það að hún
falli vel að þeirri eldri tíma húsaþyrpingu, sem þar er til staðar og er einstök hér á landi.

Vel hefur tekist til með Safnahúsið Eyrartúni. Engum blóðum er um það að fletta, að
þegar fram líða stundir á Safnahúsið eftir að vera lyftistöng fyrir bæjarfélagið ef
möguleikarnir sem þar hafa opnast verða nýttir.

En meðal annarra orða – er ekki pláss í Safnahúsinu fyrir líkanið af bænum, eins og
hann var þegar hann óðlaðist kaupstaðarréttindi 1866, á meðan Byggðasafnið er lokað?
Er ekki ástæðulaust að láta þessa merku heimild um upphaf kaupstaðarins rykfalla frek-
ar en orðið er?

s.h.

Mikilvægt skref til lifandi varðveislu á einu glæsilegasta húsi landsins

Safnahúsið Eyrartúni á Ísafirði, eða gamla sjúkrahúsið eins og það hefur verið kallað í daglegu tali, var opnað við hátíðlega athöfn á þjóðhátíðardaginn 17. júní, að viðstöddu fjölmenni. Í húsinu verður ný aðstaða bókasafns, héraðsskjalasafns, ljósmyndasafns og listasafns. Það var Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sem opnaði húsið formlega ásamt Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Í húsinu eru einnig tvær minningarstofur, Vilmundarstofa til minningar um Vilmund Jónsson landlækni og Hagalínssstofa til minningar um Guðmund Gíslason Hagalín rithöfund. Þeir störfuðu báðir lengi á Ísafirði og tóku ekki síður virkan þátt í bæjarmálum og ýmsum öðrum samfélagsmálum á þeim tíma en þeim greinum sem titlar þeirra segja til um. Húsið var opið almenningi kl. 15-18 á þjóðhátíðardaginn og var húsfyllir nánast allan tímann.

„Með endurbyggingu Gamla sjúkrahússins á Eyrartúni sem safnahúss er bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að stíga mikilvægt skref til lifandi varðveislu á einu glæsilegasta húsi landsins. Húsið er varðveitt í sinni upprunalegu mynd að utan og herbergjaskipan er að mestu óbreytt hið innra en að-

gengi aukið og bætt með nútímataekni. Varðveislun er lifandi vegna þess að sú starfsemi sem fer fram í safnahúsinu laðar til sín fjölda fólks á hverjum degi auk starfsmanna hússins,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í ávarpi í sérstöku kynningarblaði sem gefið var út í tilefni af vígslu hússins.

Þar segir Halldór einnig: „Húsið er glæsileg umgjörð utan um bókasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn. Endurgerð safnahússins á Eyrartúni hefur verið kostnaðarsöm fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar en með samningi við ríkisstjórn Íslands vorið 2003 er húsið skilgreint sem eitt af þremur menningarhúsum Ísafjarðarbæjar. Þannig eykst hlutverk hússins sem alhliða menningarhúss, ekki bara fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar heldur með sérstaka áherslu á Vestfirðinga alla. Samningur um menningarhús léttir einnig á Ísafjarðarbæ við að koma húsinu í það glæsilega ástand sem það er í dag.“

Ítarleg frásögn af söfnunum í Safnahúsinu Eyrartúni er á fréttavefnum bb.is 17. júní undir fyrirsögninni „Safnahúsið Eyrartúni á Ísafirði (gamla sjúkrahúsið). Þá munu fjölmargar ljósmyndir frá opunardegnum birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.



Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Inga S. Ólafsdóttir, formaður menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar og Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra við opnun safnahússins.



Jóhann Hinriksson bókavörður með lykilinn að Safnahúsinu.



Fjölmenni var viðstatt formlega opnun Safnahússins.



Hinn aldni heiðursmaður Jóhann Júlíusson, fyrrum skipstjóri og útgerðarmaður á Ísafirði var ánægður með húsið.



Sigríður Ragnarsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, safnfræðingur voru á meðal gesta í opunarhófinu.



Gestir á opunarhátíðinni hlýða á Jónas Tómasson tónskáld.



Fann leiði afabróður síns í Sandakirkjugarði

Píngeyri við Dýrafjörð og Gloucester á austurströnd Bandaríkjanna tengjast á nokkuð sérstakan máta. Á ofanverðri 19. öld var Píngeyri dvalarstaður fjölmargra bandarískra skonnortusjómannanna sem gerðu út á lúðu við Íslandsstrendur. Vera þeirra þar hafði geysimikil áhrif á íbúa Dýrafjarðar og nágrennis. Segja má að reynsla Dýrfirðinga af amerísku sjómönnum hafi gefið forsmekkinn af því sem síðar átti eftir að koma annars staðar á landinu.

Þeir Jóhann Diego í Kópavogi og John Morris frá Massachusetts í Bandaríkjunum eiga það sameiginlegt að vera báðir komnir af lúðuveiðimönnum frá Gloucester sem sigldu hingað til „lands miðnætursólarinnar“. Þeir gerðu svo út frá Píngeyri þar sem kaupmaðurinn Gram var konsúll þeirra.

Afi Johns Morris var einn af mörgum dörúmönnum er veiddu lúðu á þessum slóðum fyrir meira en hundrað árum. Afabróðir Johns, sem einnig var dörúmaður, drukknaði hér við Íslandsstrendur og er hann grafinn í Sandakirkjugarði í Dýrafirði. Jóhann Diego er aftur á móti kominn af John Duguo, fengsælum skipstjóra á skonnortunni Concord. Hann var nefndur ýmsum nöfnum og virðist sem hvergi hér á landi hafi ratast á rétt. Það er svo í lok þriðja áratugar síðustu aldar að sonur og barnabörn hans fara að nefna sig Diego.

Tilganginum náð

Þeir John og Jóhann komu fyrir skemmstu í nokkurs konar pílagrímsferð vestur á firði. Eitt fyrsta verk þeirra var að leita uppi gróf afabróður Johns að Söndum. „Okkur var sagt að búið væri að rústa öllum legsteinum í kirkjugarðinum

og erfitt yrði að finna gröfina“, segir John.

„Þetta fór þó á annan veg, við fundum legsteininn og hann var óskemmdur. Þetta var mjög spennandi fyrir mig og ég varð fyrir miklum hughrifum. Mér stukku tár. Við höfum farið nokkuð víða í þessari ferð, til dæmis upp á Sandafell í Dýrafirði. Við ætluðum að keyra upp á Bolafjall við Bolungarvík en vegurinn var lokaður svo að við fórum til Skálavíkur í staðinn. Tilgangur ferðar okkar var að kynna umhverfinu og fá að upplifa það frá eigin hendi og það er óhætt að segja að það hafi tekist.“

Mikil og fjölbreytt þjónusta

Það sem helst sameinar John og Jóhann er áhugi þeirra á samskiptum Dýrfirðinga og bandarísku lúðusjómannanna, þessu litla broti af Íslandssögunni sem hafði svo mikil áhrif í Dýrafirði og víðar á Vestfjörðum. Báðir eru þeir að vinna heimildavinnu og hyggja á útgáfu ritverka er byggja á veiðum Ameríkumannanna og ýmsu er þeim tengdist.

Á sínum tíma fylgdu sjómönnum nokkur efnisleg gæði til Dýrafjarðar. Mörg skipin komu hálfmönnuð til landsins og gátu heimamenn komist í góð pláss. Sjómennirnir höfðu mikil áhrif á bæjarlífið, þeir höfðu meira á milli handanna en flestir heima menn og skjótt byggðist upp á Píngeyri allnokkur þjónusta við þessa menn.

Vertshús var starfrækt í bænum strax á níunda áratug nítjándu aldar. Meira að segja nefndist það Hótel Niagara til að höfða frekar hinum útlendu sjómönnum. Að vísu virtist vertinn ekki ætla að verða ríkur af þeim rekstri og til stóð að

selja hótelið ofan af honum eftir sumarvertíðina árið 1888. Þá var rekin verslun á Píngeyri og breyttist staðurinn hratt í myndarlegt þorp með iðandi mannlífi og fjölbreyttri þjónustu.

Mikil byrði

Heimamenn urðu fyrir miklum og afdrifaríkum áhrifum af amerísku sjómönnum. Fárra örlög breyttust þó eins mikið og Ingibjargar Bjarnadóttir í Nýjabæ, langömmu Jóhanns Diego, sem eignaðist þrjú börn með þremur amerískum sjómönnum. Húsfólk stóð illa fjárhagslega og ekki bætti úr að raða niður börnum og það í lausaleik.

„Fjárhagslega hafði þetta mikil áhrif og þurftu foreldrar Ingibjargar stundum að segja sig á hreppinn að einhverju leyti. Þá stóð til að flytja fjölskylduna hreppaflutningum en hún átti ekki sveitfesti í Dýrafirði. Það var þó hætt við það enda gat fjölskyldan að mestu framfleytt sér sjálf en hún fékk til þess frændstyrk frá ættmönnum er máttu sín“, segir Jóhann.

Róttlausir menn á þrítugsaldri

Við lúðuveiðarnar sigldu Ameríkumennirnir skonnortunum út á miðin fyrir Vestfjörðum og víðar við landið og lögðu þeim við akkerisfestar. Átta eða tíu dörur með tveimur mönnum í hverri reru út frá skonnortunni og frá þeim lögðu þeir lóðirnar. „Þeir Bandaríkjamenn sem störfuðu á þessum skipum voru yfirleitt á þrítugsaldri, ókvéntir og tilbúnir að vera lengi að heiman“, segir John.

„Í Gloucester bjuggu þessir menn í verbúðum, áttu ekki hús og voru svolítið róttlausir. Menn voru í fyrstu ráðnir sem sjómenn á dörur. Ef þeir stóðu



Valdimar H. Gíslason sagnfræðingur (tv) og John Morris við legstein afabróðurs þess síðarnefnda í Dýrafirði.

Birkir sigraði á golfmóti Sjóvár-Almennra

Birkir Halldór Sverrisson (GÍ) sigraði á árlegu golfmóti Sjóvár-Almennra á Syðridalsvelli í Bolungarvík. Birkir lék 18 holurnar á 79 höggum en Bjarni Pétursson (GBO) og Chatchai Phothtya (GGL) komu næstir á 85 höggum. Í punktakeppni sigraði Chatchai Phothtya í karlaflokki á 39 punktum, Birkir Halldór Sverrisson varð í öðru sæti með 38 punkta og Jóhann Þór Ævarsson (GBO) þriðji með 34 punkta. Í kvennaflokki sigraði Þorbjörg Harðardóttir (GKJ) með 31 punkt en Kristinn Gauti Einarsson (GBO) sigraði í unglingaflokki á 31 punkti. – kristinn@bb.is

Meira atvinnuleysi meðal ungs fólks

Atvinnuleysi á Vestfjörðum virðist hafa aukist nokkuð á síðustu vikum. Telja má líklegt að útrás skólafólks á vinnumarkaðinn skipti þar miklu. Atvinnulausir á Vestfjörðum, að Reykhólahreppi undanskildum, voru 107 fyrir síðustu helgi. Þar eru konur í miklum meirihluta eða 66 talsins. Fyrir mánuði voru atvinnulausir á svæðinu 87 og hefur atvinnulausum á aldrinum 16-25 ára fjölgað úr 27 í 44 á einum mánuði. Á Ísafirði og Suðureyri eru atvinnulausir færri en fyrir mánuði en á öðrum stöðum eru þeir nú jafnmargir eða fleiri. – halfdan@bb.is

Klæðning ehf. átti lægsta boð í Djúpveg

Klæðning ehf. í Kópavogi átti lægsta boð í nýbyggingu 31,5 km kafla Djúpvegar frá Kleifum í Skötufirði að Hesti í Hestfirði. Kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar var tæpar 426 milljónir króna en tilboð Klæðningar var rúmar 328 milljónir króna eða 77,1% af kostnaðaráætlun. Fjögur tilboð bárust. Boð Íslenskra aðalverktaka hf. í Reykjavík var 86,6% af kostnaðaráætlun og boð Kubbs ehf. á Ísafirði 98,7% af kostnaðaráætlun. Langhæsta boðið átti Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. á Selfossi eða 124,1% af kostnaðaráætlun. – kristinn@bb.is

sig vel fengu þeir stundum stöðuhækkun og gátu þá oft orðið skipstjórar í afleysingum. Að lokum gátu menn jafnvel fengið yfirráð yfir eigin skipi og þannig var það í tilfelli langafa Jóhanns. Mjög ungur var hann orðinn skipstjóri og átti skonnortuna Concord sem hann sigldi hingað flest árin frá 1884 til 1897.“

Ætlar fljótlega til Gloucester

Eins og áður sagði gætti lengst af misskilnings með nafn langafa Jóhanns og hefur ættin öll borið nafnið Diego. „Ég komst ekki að því fyrir en í hitteðfyrra að langafi minn hét John Duguo. Við höfðum lengi reynt að finna ættingja í Bandaríkjunum en ekki orðið ágengt þar sem við gengum ekki út frá réttu nafni.

Eftir að ég komst að því að rétt nafn var Duguo hvatti konan mín mig til að leita að ættingjum í gegnum internetið. Ég gerði það og komst þannig í samband við frænda minn sem býr á Gloucestersvæðinu í Massachusetts. Ég hef ekki ennþá farið þangað á heimaslóðir langafa míns en ég ætla að gera það fljótlega.“

Ákaflega áhuga-vert sögubrot

„Ég hef líka verið að safna upplýsingum um Ingibjörgu, langömmu mína, og fjölskyldu hennar. Ég veit að fjölskyldan átti sveitfesti í Eyjahreppi en þau voru fædd og bjuggu á Barðaströnd áður en þau komu til Dýrafjarðar. Okkur John finnst þetta litla brot af sögunni ákaflega áhugavert og við höfum, ásamt fleirum, verið að vinna að því að læra eins mikið og hægt er um þetta fólk. Það eru ekki margir sem vita af því hversu mikil áhrif þessir sjómenn höfðu og menn mættu endilega kynna sér þessi mál betur.“

Því skal bætt hér við, að Valdimar H. Gíslason, bóndi og sagnfræðingur á Mýrum í Dýrafirði, fjallaði í meistaraþrófsritgerð sinni við Háskóla Íslands, sem hann lauk á síðasta ári, um amerísku lúðuveiðimennina við Vestfirði. Útdráttur úr ritgerð Valdimars birtist í 21. tölublaði Bæjarins besta hinn 28. maí síðastliðinn. Þar er meðal annars fjallað rækilega um John Duogo skipstjóra á Concord og um „ástandsárin“ í Dýrafirði undir lok 19. aldar.

– halfdan@bb.is

Byggðastofnun átti um áramót hlutafé í 13 félögum á Vestfjörðum

Fimm styrkir til vestfirskra verkefna 2002

– auk 48,5 milljón króna hlutafjár sem lagt var inn í vestfirsk fyrirtæki

Byggðastofnun greiddi út á liðnu ári fimm styrki til verkefna á Vestfjörðum, samtals 3,8 milljónir króna, auk rekstrarframlags til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. að fjárhæð rúmar 18 milljónir króna. Á árinu lagði stofnunin hlutafé inn í fimm félög á Vestfjörðum, samtals að fjárhæð 48,5 millj. króna. Um síðustu áramót átti Byggðastofnun hlutabréf í þrettán félögum á Vestfjörðum. Þar af átti stofnunin hlutabréf í Fiskvinnslunni Fjölmi hf. á Þingeyri að nafnverði 100 millj. króna, Bakka-

vík hf. í Bolungarvík að nafnverði liðlega 31 millj. króna og Sindrabergi ehf. á Ísafirði að nafnverði 30 millj. króna.

Þetta kemur fram í nýút-kominni ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 2002.

Á síðasta ári greiddi Byggðastofnun út styrki til eftirtalinnna aðila á Vestfjörðum:

Rætur, áhugahópur um menningarfjölbreyni, fékk 300 þúsund krónur vegna Þjóðahátíðar á Vestfjörðum. Bæjarstjórn Bolungarvíkur fékk hálfa milljón króna vegna Náttúrugripasafns Bolungar-

víkur. Leið ehf. í Bolungarvík fékk eina milljón króna til undirbúningsvinnu vegna vegarlagnunar milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar. Ásbjörn Þorgilsson hótélrekaði í Djúpvík og Jón Halldórsson bifreiðastjóri á Hólmavík fengu eina milljón hvor vegna vetrarsamgangna.

Hlutafé sem Byggðastofnun lagði inn í félög á Vestfjörðum á árinu 2002 skiptist þannig: Fjarvinnslan Suðureyri ehf. kr. 3.000.000. Netagerð Vestfjarða hf. á Ísafirði kr. 7.000.000. Sindraberg ehf. á

Ísafirði kr. 30.000.000. VoiceEra á Íslandi ehf. í Bolungarvík kr. 6.000.000. Sumarbyggð í Súðavík kr. 2.500.000.

Um síðustu áramót átti Byggðastofnun hlutafé í eftirtöldum félögum á Vestfjörðum (nafnverð og eignarhluti):

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. kr. 1.200.000 (20%). Bakkavík hf. í Bolungarvík kr. 31.097.000 (19,77%). Eignarhaldsfélag Vestfjarða hf. kr. 3.438.000 (33,97%). Fiskvinnslan Fjölmi hf. á Þingeyri kr. 100.000.000 (20%). Fiskvinnslan Drangur

hf. á Drangsnesi kr. 2.762.000 (21,76%). Fjarvinnslan Suðureyri ehf. kr. 300.000 (27,03%). Hótel Ísafjörður hf. kr. 12.400.000 (20,31%). Netagerð Vestfjarða ehf. á Ísafirði kr. 7.000.000 (19,72%). Sindraberg ehf. á Ísafirði kr. 30.000.000 (24%). Snerpa ehf. á Ísafirði kr. 750.000 (21,43%). Sumarbyggð ehf. í Súðavík kr. 2.500.000 (23,36%). VoiceEra ehf. í Bolungarvík kr. 400.000 (20%). Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum kr. 7.919.000 (32,16%). – hlynur@bb.is

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins kom til Ísafjarðar á sunnudag

Farþegar Clipper Adventurer komu víða við

Bandaríska skemmtiferðaskipið Clipper Adventurer kom víða við á norðanverðum Vestfjörðum á sunnudag. Snemma morguns fóru farþegar þess í gönguferð um Hornvík þar sem heimskautarefur gladdi augu ferðamanna. Næst lá leiðin til Ísafjarðar þar sem leikhópurinn Morrinn tók á móti fólkinu. Morriliðar klæddust þjóðlegum klæðum og dreifðu bæklingum til ferðamanna á meðan Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir lék á harmonikku. Þegar ferþegar Clipper Adventurer höfðu fylgst með leikurunum syngja og dansa í Neðsta-kaupstað, sigldi skipið inn Ísafjarðardjúpi. Komið var



Harmonikkuleikur gladdi farþega skipsins.

við í eyjunni Vigur og grillað í Kaldalóni. Um kvöldið skoðaði fólkið hina fornu verbúð Ósvör við Bolungar-

vík. Frá Djúpi fór Clipper Adventurer að Raudasandi þar sem til stóð að taka land áður en haldið var áfram

suður eftir ströndinni. Skipið er væntanlegt aftur til Ísafjarðar strax á föstudag, en samtíða því verður portú-

galska skemmtiferðaskipið Funchal. – halfdan@bb.is

Örbylgjusamband fyrir internetið í Súðavík

Tölvuþjónustan Snerpa hefur byrjað sölu á internet-tingingum í gegnum örbylgju í Súðavík. Fyrir eru örbylgjutengingar á Suðureyri, Flateyri, Hólmavík og í Bolungarvík og eru áskrifendur nú komnir yfir hundraðið. „Síðustu þrjár vikur höfðu þrír útvaldir Súðvíkingar haft örbylgjutengingar til reynslu. Þetta hefur gefist vel og við erum núna byrjaðir að selja inn á kerfið“, segir Jón Arnar Gestsson, markaðsstjóri Snerpu. – halfdan@bb.is



Vefur Siglingadaga 2003 opnaður

Bæjarsjóður Ísafjarðar og Sæfari, félag sjóþróttamanna, standa sem kunnugt er fyrir Siglingadögum, tíu daga hátíð í tengslum við sjó og sjóþróttir. Siglingadagararnir verða 18.-27 júlí og eru nú haldnir í fjórða sinn. Hátíðin fer fram á Ísafirði, í Öfundarfirði, í Ísafjarðardjúpi og í Jökulfjörðum. Dagskrá Siglingadaga er tilbúin og hefur vefur hátíðarinnar verið opnaður. Meðal annars er dagskráin kynnt þar og tekið við skráningum í keppnisgreinar. Magnús Hávarðarson, tölvu- og kerfisfræðingur hjá Netheimum hannaði vefinn. – hlynur@bb.is

Styrkir vegna sérverkefna atvinnulausra

Atvinnuleysistryggingasjóður hefur samþykkt að veita Ísafjarðarbæ styrki til að ráða fimm starfsmenn í þrjá mánuði vegna sérverkefna. Styrkirnar eru veittir til að ráða fólk af atvinnuleysissskrá og greiðir sjóðurinn hluta launanna. Til endurbóta á tjaldsvæðinu í Tungudal á Ísafirði hlýtur Ísafjarðarbær styrk sem nemur tveimur starfsmönnum í þrjá mánuði og til merkinga á göngu-leiðum hlýtur bærinn styrk fyrir þrjá starfsmenn í jafnlangan tíma. Sjóðurinn hafnaði umsókn um að ráða í þrjá mánuði staðardagskrárfulltrúa. – kristinn@bb.is



SÆLKERAR VIKUNNAR

ERU SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR OG
ÖNUNDUR PÁLSSON Á FLATEYRI

Þrír léttir sumar- réttir frá Flateyri

Hér eru þrjár einfaldar og góðar uppskriftir sem eiga sér-
staklega vel við yfir sumartímann. Skinkupaté hentar vel
sem smáréttur t.d. í garðveisluna, aðalrétturinn nýtir ferskt
hráefni úr hafinu í kringum okkur en perurnar í eftirréttinum
gefa suðrænan blæ.

Skinkupaté

300 g góð skinka
150 g lint smjör
100 g nýrifinn Parmigiano ostur
¼ tsk marjoram
¼ tsk paprikuduft
nýmalaður pipar
salt eftir þörfum

Allt hráefnið er maukað í matvinnsluvél, smakkað til og
kryddað með pipar og e.t.v. örliðu salti. Ef maukið er þykkt
má þynna það ögn með rjóma eða hvítvíni. Sett í skál og kælt
vel. Berið fram með ristudum snittum.

Skötuselur með plómusósu

Skötuselurinn er skorinn í bita og steiktur á pönnu í
ólívuolíu. Kryddið með salti og pipar.

Rauðvínssósa frá Toro er matreidd samkvæmt leiðbeining-



um á pakka en síðan er Plum Sauce frá Blue dragon bætt út
í og smakkað til eftir smekk hvers og eins.

Berið fram með brauði, salati og kartöflum ef vill.

Perur með After eight og rjóma

Perurnar eru afhýddar, skornar í helminga og raðað í
eldfast mót. Að sjálfsögðu má nota niðursoðnar perur í
réttinn en okkur þykja þær fersku betri. After eight súkku-
laðinu er raðað ofan á perurnar og rétturinn bakaður í ofni
þar til súkkulaðið er orðið vel bráðið. Berið fram strax með
þeyttum rjóma.

Eftir matinn er svo tilvalið að setjast niður með kaffibolla
og dást að veðurbliðunni.

*Við höfum ákveðið að skora á Maríu Hrönn Valberg kennara
og Björn R. Gunnarsson vélstjóra á Flateyri. Gangi ykkur
vel!*



Gunnar Friðriksson kemur með Egil Halldórsson SH til hafnar í Bolungarvík.

Björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson á Ísafirði

Dró bilaðan hundrað tonna bát til hafnar í Bolungarvík

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN Í SAFJARÐARBÆ

Hjartalæknir

Davíð Ó. Arnar hjartalæknir verður með
móttöku á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði
dagana 24.-27. júní nk.

Tímapantanir eru í síma 450 4500 frá kl.
08:00 til 16:00.

Björgunarbáturinn
Gunnar Friðriksson á Ísa-
firði kom til Bolungarvíkur
um níuleytið á föstudags-
morgun með snurvoðar-
bátinn Egil Halldórsson
SH-2 í togi. Egill Hal-
dórsson sem er 100 tonna
stálbátur frá Ólafsvík var
á reki vegna bilunar í gir
um 10 mílur út af Rit.
Áhöfn björgunarbátsins
lagði af stað um klukkan
þrjú um nóttina. „Þetta
gekk ágætlega, við drógum
bátinn á svona sex mílna
ferð“, segir Pálmi Stefáns-

son, skipstjóri á Gunnari
Friðrikssyni. „Það var
aldrei nein hættu á ferðum.
Þeir hefðu getað látið reka
í nokkuð langan tíma“,
sagði Pálmi.

Þar sem pulsinn slær...

bb.is

MAÐUR VIKUNNAR

Ætlaði að
verða ýtu-
stjóri og
slökkviliðs-
maður



Nafn: Bergmann Ólafsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 13.01.1947.
Atvinna: Framkvæmdastjóri og sölumaður hjá Bíla-
tanga ehf. á Ísafirði.
Fjölskylda: Eiginkonan heitir Ardís Gunnlaugsdóttir
og við eigum tvo syni, Kristján Viðar og Eypór Ólaf.
Helstu áhugamál: Barnabörninn og fjölskyldan.
Bifreið: Toyota LandCruiser.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Lexus RX300.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill?
Ýtustjóri og slökkviliðsmaður.
Uppáhalds matur? Holusteikt lambalæri.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Soðinn
smokkfiskur.
Uppáhalds drykkur? Mjólk og te.
Uppáhalds tónlist? Er alæta á tónlist. Hlusta á allt
nema rapp og þungarokk.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Kimi Räikkönen-
en hjá McLaren og Christian da Matta hjá Toyota.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Formúla 1.
Uppáhalds vefsíðan? mbl.is, bb.is og formula.is.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Touch með
Dustin Hoffman.
Fallegasti staður hérlandis? Fljótavík.
Fallegasti staður erlendis? Capri á Ítalíu.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.
Uppáhalds heimilistækni? Sjónvarpstækni.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Leika
við Palla Stull og Gunnar Arnórs og vera með gufu-
genginu.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna?
Óheiðarleiki.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Ósköp lítið.
**Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta ræt-
ast?** Já.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?
Þegar fólk og jafnvel skyldmenni heilsa mér og ég
man ekki hver það er..
**Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir
þú breyta?** Það er lítið hægt að gera á einum degi en
ég myndi leggja til að malbika alla eyrina og bæta þá
gangstíga sem eftir er að klára.
Lífsmottó? Vera ég sjálfur og hafa gaman af lífinu.

Útboð

Byggðasafn Vestfjarða óskar eftir tilboð-
um í jarðvegsskipti, grunnlagir, undirstöð-
ur, grunneinangrun og grunnplötu fyrir
700m² nýbyggingu sem hýsa á sýningarsal
og geymslur fyrir byggðasafnið í Neðsta-
kaupstað á Ísafirði.

Helstu magntölur eru: Jarðvinna, 1200m³,
mót, 310m², bendistál 2.500 kg., stein-
steypa 109m³, einangrun 735m², grunn-
lagir 250 m.

Verktaki getur áætlað að hefja fram-
kvæmdir í lok 33 viku (um 15. ágúst). Verk-
inu skal að fullu lokið eigi síðar en 24. októ-
ber 2003.

Tilboð skulu hafa borist á skrifstofu Tækni-
þjónustu Vestfjarða hf., Aðalstræti 26, Ísa-
firði, eigi síðar en föstudaginn 4. júlí 2003,
kl. 11:00 og verða þau þá opnuð þar að við-
stöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Útboðsgögn veru afhent á sama stað
gegn 5.000.- króna skilatryggingu.

Byggðasafn Vestfjarða.

Sólskinsganga leikskóla- barna á Ísafirði og í Hnífsdal

Börn á leikskólunum Sól-
borg, Eyrarskjóli og
Bakkaskjóli komu saman
við minnismerki sjómanna
á föstudagsmorgun og
gengu fylktu liði að Silfur-
torgi. „Við köllum þetta
sólskinsgöngu“, segir Jóna
Lind Karlsdóttir, leikskóla-
stjóri á Eyrarskjóli. „Þetta
var alltaf ársíst, en hefur
legið niðri í nokkurn tíma.
Á torginu sungu börnin
saman lög sem við höfum
verið að æfa. Ruth
Tryggvason í Gamla bak-
arínu kom út og gaf börn-



Ruth Tryggvason færir börnunum kringlur.
unum kringlur og við end-
uðum síðan með grillveislu á
Eyrarskjóli.“
halfdan@bb.is

Kylfingurinn Auðunn Einarsson frá Ísafirði

Leikur á móti Justin Rose á Canon mótinu

Kylfingurinn Auðunn Ein-
arsson frá Ísafirði sigraði
opna Canon mótið á Urriða-
vatnsvelli í Garðabæ á laug-
ardag og tryggði sér þar með
þátttökurétt, á móti hinum
heimsfrægu kylfingum Just-
in Rose og Peter Baker, á
lokuðu móti sem leikið verð-
ur 22. júlí.
Auðunn lék mótið á 69
höggum og var því þremur

undir pari en næstu þrír kylf-
ingar fóru brautin á 70 högg-
um. Margir af sterkustu kylf-
ingum landsins tóku þátt og
m.a. sló Auðunn þeim Birgi
Leifi Hafþórssyni, Davíð
Heiðari Bragasyni og Ottó
Sigurðssyni ref fyrir rass að
þessu sinni. Auðunn var að
mestu frá keppni í fyrrasumar
vegna bakmeiðsla.
„Nú er maður á fullu að

kenna og að koma sér í gang
á keppnisviðinu. Það er
nokkuð sérstakt við þennan
sigur að ég fékk splunkunýtt
golfsett í hendurnar daginn
fyrir mótið sem kunningi
minn hafði sérpantað á net-
inu. Ég einfaldlega treysti á
kylfurnar og lét vaða. Það
gekk, akkúrat þegar maður
þurfti á því að halda“, sagði
Auðunn. –kristinn@bb.is



Seiði sett í kví í Seyðisfirði á mánudag. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Sex þúsund þorskseiði frá Háafelli á Nauteyri

Flutt í sjókvíar HG í Seyðisfirði

Um sex þúsund þorskseiði
voru á mánudag flutt frá fisk-
eldisstöðinni Háafelli á Naut-
eyri innst í Ísafjarðardjúpi í
sjókvíar í Seyðisfirði við Djúp.
Er þetta hluti af þeim um

það bil 30.000 seiðum sem
starfsmenn Hraðfrystihússins-
Gunnvarar hf. áætla að setja í
kvíar í sumar. Seiðin voru flutt
með bátum Val ÍS en þau
vega að meðaltali um 170 gr.

Flest voru seiðin veidd síðasta
haust en sum þeirra voru feng-
in úr Grindavík. Vilja menn
meina að aldrei hafi svo mörg
seiði verið flutt í einu á Íslandi.
halfdan@bb.is

UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓDS BOLUNGARVÍKUR 2002

Ársfundur Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur árið 2002 verður haldinn í Ráðhússalnum í Bolungarvík
þann 30. júní kl. 17.00. Fundurinn er opinur öllum greiddandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum.

Efnahagsreikningur 31.12.2002:	í þús. kr.
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	854.897
Verðbréf með föstum tekjum.....	605.112
Veðlön.....	60.448
Kröfur.....	15.892
Bankainnstaður.....	487.100
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.003.247

Yfirlit yfir breytingar á hreinni eign
til greiðslu lífeyris fyrir árið 2002:

Iðgjöld.....	88.552
Lífeyrir.....	(54.157)
Fjárfestingartekjur.....	(113.015)
Rekstrarkostnaður.....	(8.435)
Hækkun á hreinni eign 2002.....	(87.055)
Hrein eign 01.01.2002.....	2.090.302
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	2.003.247

Tryggingafræðileg úttekt

Talnakörnun hf. hefur þert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu
sjóðsins miðað við árslok 2002. Átallnar skuldbindingar miðað við 3,5%
ársveði eru að fjárhæð 2.414 millj. kr. í árslok 2002. Á sama tíma nam
hrein eign skv. ársreikningi, án núvirðingar, 2.003 millj. kr. eða 411 millj. kr.
lægri fjárhæð. Staða með núvirðingu eigna sjóðsins er 238 millj. kr. lægri
en átallnar skuldbindingar sjóðsins. Ef lítið er til framtíðarvæðingar eru
skuldbindingar samtals að fjárhæð 3.964 millj. kr. en eignir með
núvirðingu að viðbættum áætluðum framtíðariðgjöldum, 3.363 millj. kr.,
eða 601 millj. kr. lægri en áætlaðar skuldbindingar.

Lífeyrisgreiðslur 2002.....	í þús. kr.	fjöldi
Elirlífeyrir.....	28.493	94
Sjómannalífeyrir.....	1.552	4
Örorkulífeyrir.....	21.276	45
Makalífeyrir.....	4.971	29
Barnalífeyrir.....	734	8
	55.026	160

Kennitölur	Árið 2002
Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum.....	62,8%
Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum.....	7,4%
Kostnaður sem hlutfall af eignum.....	0,3%
Raunávöxtun m.v. vísit. neysluverða.....	-7,5%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 árin.....	-0,5%

Stjórn Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur

Agnar Einarsson
Jón G. Guðmundsson
Lárus Benediktsson

Karvel Pálmason, stjórnarform.
Einar Jónatansson
Örn Jóhannsson

Framkvæmdastjóri
Steinn S.L. Annasdóttir

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur
Ráðhúsinu, 415 Bolungarvík • Sími 450-7100, Fax 456-7104



Jóhann Sigurjónsson og Sigurður Hafsteinn Markússon.

Gæti svo farið að sjórin verði litaður fjólublár

– rætt við tvo unga ísfirski námsmenn sem vinna að rannsóknum á sjávarmengun vegna frárennslis frá þéttbýli

Umhverfismál verða mikilvægari með hverju árinu sem líður. Fastlega má búast við því að neysluþjóðfélag eins og okkar þurfi í stöðugt ríkari mæli að sinna þessum málaflokki og finna betri og hagkvæmari lausnir á þeim vandamálum sem geta skapast. Kröfur verða sífellt meiri og ítrekað setja alþjóðastofnanir nýjar og strangari reglur um það hvernig haga megí losun sorps og skolps, svo dæmi sé tekið.

Alls staðar í heiminum er unnið að nýjum lausnum. Í Bolungarvík vinna tveir ungir háskólanemar frá Ísafirði að rannsóknum á getu sjávarins til að taka við frárennslis frá þéttbýlisstöðum. Þeir Sigurður Hafsteinn Markússon og Jóhann Sigurjónsson vonast til þess að áður en sumarið er á enda verði þeir komnir með vísí að hentugu ferli til að kanna hvert frárennslismengun fer og hversu lengi vottur af henni getur fundist í sjó við mismunandi aðstæður. Báðir nema þeir við Háskóla Íslands. Sigurður lærir efnafræði en Jóhann leggur stund á umhverfis- og byggingaverkfræði.

Hluti af stærri heild

Verkefnið vinna þeir félagar fyrir Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík og er það hluti af stærri heild. „Náttúrustofur víðs vegar um landið unnu fyrir skömmu skýrslu um ástand frárennslismála við sjó þéttbýlisstaði umhverfis landið“, segir Jóhann.

„Okkar aðkoma að þessu er hugsuð sem viðbót við þessa skýrslu og einnig sem hluti af stærri rannsókn sem unnin er í samstarfi við aðila í Noregi og Færeyjum. Með notkun svokallaðra ferilefna getum við vonandi sannað, eða svo gott sem, að niðurstöðurnar sem tíundaðar voru í skýrslunni eigi við rök að styðjast.“

Aðstæður allt aðrar en á meginlandinu

Eins og áður sagði eru ítrek-

að settar nýjar reglur um umhverfismál, sem stundum eiga ekki alls staðar við. „Reglugerð frá Evrópusambandinu segir að þéttbýli af ákveðinni stærð verði að byggja skolphreinsistöð með ákveðinni afkastagetu. Samkvæmt þessari reglugerð þyrftu mörg sveitarfélög á Vestfjörðum og víðar á landsbyggðinni að ráðast í gífurlega kostnaðasamar framkvæmdir til að uppfylla skyldur sínar“, segir Sigurður.

„Það er tilfinning margra að staðlarnir séu einungis miðaðir við þorp í miðri Evrópu þar sem skolp er jafnvel losað í ár. Aðstæður eru allt aðrar við strendur Íslands. Okkur grunar, þó að við göngum að sjálfsögðu ekki út frá því við upphaf rannsókna, að það sé eiginlega tilgangslaust að reisa skolphreinsistöðvar í þéttbýli á Vestfjörðum. Það gæti verið að menn væru að reyna að draga úr mengun sem

er ekki til staðar því viðtakinn er svo öflugur“, segir Jóhann.

Þarf að leita hagkvæmari lausna

Þeir Sigurður og Jóhann taka skýrt fram að þeir hvetji alls ekki til þess að umhverfismál sem þessi verði hundsuð. „Við teljum til að mynda að það sé ekkert endilega sniðugt að veita skolpinu beint í bæjarhöfnina eins og víða er gert. Það er af og frá“, segir Sigurður.

„Það mætti aftur á móti athuga hvort ekki sé vænlegra að fara aðrar leiðir en að byggja rándýrar skolphreinsistöðvar. Það gæti þannig verið miklu auðveldara, ódýrara og vænlegra til árangurs að framfengja frárennslisrörin út í haf.“

Líta sjóinn fjólubláan

Sigurður segir að verkefni þeirra félaga gangi að stórum hluta út á að meta sjóinn sem viðtaka og athuga hvaða áhrif frárennslis geti haft. „Með svokölluðum ferilefnum vonumst við til að geta rakið væntanlegan feril frárennslisins og metið þynningu þess. Við notum flúorljómandi efni sem hafa þann eiginleika að hægt er að mæla þau í sjó þótt styrkleikinn sé mjög lítil. Þar að auki lítur efnið sjóinn og það gæti verið að okkur takist að gera höfnina í Bolungarvík fjólubláa í sumar eða þá Pollinn á Ísafirði.“

Jóhann bætir því við að efnið séu skaðlaus. „Fólk þarf ekkert að fara á taugum þó sjóinn hætti allt í einu að vera blár. Við setjum efnið að öllum líkindum nálægt frárennslisrörum. Við förum síðan á bát og tökum sýni á hafsvæðum samkvæmt fyrirfram tilbúnu mælineti.“

Ólíkar aðstæður

Jóhann segir að mælt verði við alla þéttbýlisstaðina við Djúp: Bolungarvík, Ísafjörð og Súðavík. „Aðstæður á þessum stöðum eru mjög ólíkar. Þegar lítið er á sjóinn sem viðtaka fyrir frárennsli eru aðstæður verstar í Pollinum á Ísafirði. Þar er losað í svo gott sem lokaðan fjarðarbotn þar sem hafstrauma gætir lítið. Í Súðavík stendur byggðin sam-síða opnum firði en aðstæður eru sennilega bestar í Bolungarvík hvað þetta varðar. Þar stendur byggðin nokkurn veginn fyrir opnu hafi.

Með mælingunum ætlum við að komast að því hvort raunverulegur munur sé á þessum stöðum. Við búumst eiginlega við því að mengunin sé alls staðar mjög lítil. Hægt verður að bera saman aðstæðurnar og jafnvel fá einhvers konar reiknirit fyrir aðra þéttbýlisstaði þar sem aðstæður eru svipaðar.“

Aukinn áhugi á umhverfismálum

Á þeim skamma tíma sem Jóhann og Sigurður hafa unnið að verkefninu hefur áhugi þeirra á umhverfismálum aukist mjög.

„Ég held að þessi mál eigi eftir að verða ennþá fyrirferðarmeiri í framtíðinni“, segir Sigurður. „Fyrir mína parta tel ég frekar líklegt að ég eigi eftir að einbeita mér meira að umhverfstengdu námi í framtíðinni. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á raunvísindum. Mig hefur alltaf langað til að vita nákvæmlega hvernig hlutirnir virka og hvers vegna. Ég hafði ákveðið að fara í eitt hvert raunvísindanám, eða jafnvel heimspeki. Ég tel alls ekki langt á milli þessara vísinda.“

Jóhann er fullkomlega sam-mála þessu. „Ég held að það sé jafnvel hægt að segja að heimspeki sé búkurinn og aðrar vísindagreinar séu útlímir-nir.“

Vildu báðir koma heim

En hvernig kom til að þeir Sigurður og Jóhann voru ráðnir til þessara rannsókna?

„Við vildum báðir vinna fyrir vestan í sumar“, segir Sigurður. „Báðir höfðum við verið lengi fyrir sunnan og vildum koma heim. Það var nú samt tilviljun að við enduðum báðir á sama stað. Mig langaði að fá vinnu sem tengdist náminu á einhvern hátt. Ég hafði samband við Þorleif Eiríksson, forstöðumann Náttúrustofu Vestfjarða, og spurði

hvort ég gæti fengið eitthvað að gera. Hann sagðist varla hafa fjárráð til að ráða sumarstarfsmann, en bætti því við að það þyrfti að fara í þessar rannsóknir. Ef ég treysti mér til þess, þá væri vel hægt að athuga málið.

Ég tók hann á orðinu og byrjaði strax að tala við mér fróðari menn, prófessora í Háskólanum og sérfræðinga hjá Hafrannsóknastofnun og Orkustofnun. Mér var alls staðar vel tekið og hjá Orkustofnun lofuðu menn mér sérfræðiaðstoð og tækjabúnaði ef ég tæki að mér þetta verkefni. Því má segja að þeir séu óbeinir þátttakendur í verkefninu.“

Reru á sömu mið

Jóhann segir að á sama tíma hafi hann verið í svipuðum erindagjörðum. „Ég hafði líka hringt í Þorleif til að kanna hvort það væri einhver möguleiki á því að fá rannsóknarstarf eða eitthvað í þeim dúr. Hann var svartsýnn en minntist þó á þetta verkefni og sagði að mín aðkoma að því gæti verið að kanna sjávarstrauma og búa til straumkortalíkan.

Ég var í fyrstu hræddur um að hann hefði í huga eitthvert starf sem hentar einungis fullmenntuðum verkfræðingi, en hann fullvissaði mig um að þetta ætti að vera á mínu færi. Um þetta leyti hitti ég Sigurð í skólanum og þá kom í ljós að við höfðum róið á sömu mið.“

Vísir að því sem koma skal

Þeir félagar eru starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða en verkefnið er einnig styrkt fjárhagslega af Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ. „Mér finnst mjög aðdáunarvert að Náttúrustofan og sveitarfélögin á svæðinu skuli gera ungu fólki í háskólanámi kleift að vinna námstengd störf í heimabyggð“, segir Jóhann.

Sigurður er sammála þessu. „Það eru margir Vestfirðingar í háskólanámi sem eru allir af vilja gerðir til að koma í heimabyggð og vinna að störfum sem tengjast þeirra námi. Oft er það mjög erfitt. Mér finnst eðlilegt að menn þurfi að hafa fyrir því að fá vinnu en það mætti gera meira til að létta þeim röðurinn.

Það má alls ekki skilja það sem svo að ég sé vanþakklátur. Mér finnst eins og Jóhanni að það sé virðingarvert að sveitarfélögin styrki verkefnið og ég er mjög þakklátur fyrir þetta tækifæri. Ég vona og trúi að þetta sé vísir að því sem koma skal. Það er mjög mikilvægt að allt sé gert til að fá nema eða fullmenntað fólk aftur heim.“



Jón Páll Halldórsson, formaður Sögufélags Ísfirðinga flytur ávarp í hófinu í Turnhúsinu í Neðstakaupstað.

Ráðstefnan „Vestfirðir, aflstöð íslenskrar sögu“ haldin á Ísafirði

„Ekki bara aflstöð, heldur hreinasta gullnáma íslenskrar sögu“

„Vestfirðir, aflstöð íslenskrar sögu“ var heiti ráðstefnu sem haldin var á Ísafirði um síðustu helgi. Mikill fjöldi fræðimanna flutti erindi sem snerta sögu Vestfjarða á mismunandi hátt. Mun það hafa komið mörgum mjög á óvart hversu mörg spennandi verkefni liggja fyrir í sagnfræðirannsóknum á svæðinu. „Það sem mér fannst standa upp úr er áhugi heimamanna á verkefninu og þær viðtökur sem við fengum“, segir Torfi H. Tulinius, miðaldafræðingur og einn aðal skipuleggjandi ráðstefnunnar.

„Það er líka áhugavert hversu mikið er hægt að kanna og öðlast betri skilning á. Þar ber helst að nefna þá hámenningu sem þróaðist á Vestfjörðum frá miðöldum og fram á 17. öld. Á ráðstefnunni vöknðu ótal hugmyndir að spennandi rannsóknarverkefnum og maður áttaði sig betur á því að Vestfirðir eru ekki bara aflstöð, heldur hreinasta gullnáma íslenskrar sögu“, segir Torfi.

„Ráðstefnan tókst mjög vel og við erum afskaplega ánægð. Fyrirlestrarir voru allir góðir og mjög fróðlegir. Það tókst vel að draga upp



Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru þeir Jón Þ. Þór og Björn Teitsson.

mynd af sögunni og maður fékk mikla tilfinningu fyrir því hversu frjótt og áhugavert þetta svæði er“, segir Torfi H. Tulinius.

Jón Páll Halldórsson, formaður hins 50 ára gamla Sögufélags Ísfirðinga, segir aðeins eitt orð lýsa ráðstefnunni. „Frábært. Þetta gekk alveg frábærlega vel. Heildar-svipurinn var afar góður og ráðstefnan var vel skipulögð. Fyrirlestrarir fjölluðu um fjöl-

breytt efni úr ýmsum áttum og stígandinn var markviss frá upphafi byggðar og fram á 20. öld“, segir Jón Páll.

„Mér fannst þetta ljómandi vel lukkað í alla staði og ég trúi því að ekki aðeins sé okkur Ísfirðingum sýndur mikill sómi með þessu, heldur muni ráðstefnan lyfta okkur á hærra plan þar sem þetta vekur óneitanlega mikla athygli á svæðinu. Sögufélagið er 50 ára um þessar mundir og það er varla

hægt að hugsa sér betri afmælisgjöf“, segir Jón Páll Halldórsson, formaður Sögufélags Ísfirðinga.

Björn Teitsson, sagnfræðingur og fyrrverandi skóla-meistari Menntaskólans á Ísafirði, er sammála þeim Torfa og Jóni Páli. „Mér fannst þetta takast mjög vel og hvert erindið var öðru áhugaverðara. Skipulagning ráðstefnunnar var til fyrirmyndar og má það helst þakka Andreu Harðardóttur“, segir Björn.

„Ég hafði mjög gaman af erindi Þóru Kristjánsdóttur um listmuni frá 17. öld. Einnig var skemmtilegur fyrirlestur Jóns Þ. Þórs um sjávarútveg. Annars er erfitt að nefna einstök erindi sem stóðu upp úr þar sem þau voru öll mjög góð. Það sem kom mér þó mest á óvart var hversu góð aðsóknin var, en á milli 60 og 70 manns sóttu eiginlega öll erindin“, segir Björn. „Það er mjög skemmtilegt að koma aftur til Ísafjarðar, sérstaklega til að koma á svona viðburð og í svona góðu veðri“, segir Björn Teitsson, sagnfræðingur og fyrrverandi skóla-meistari.

– halfdan@bb.is

Ertu orðin(n) áskrifandi?
...síminn er 456 4560



Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, Valdimar H. Gíslason, sagnfræðingur og Magni Guðmundsson, stjórnarmaður í Sögufélagi Ísfirðinga.



Jónína Einarisdóttir, Dagrún Erla Ólafsdóttir, Flóra Sigríður Ebezersdóttir og Valgerður Bára Guðmundsdóttir.

Minningar frá Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði

Rekstrarsjón á sunnudögum og böll einu sinni í mánuði

Húsmæðraskólinn Ósk var stofnaður á Ísafirði árið 1912 og starfaði nær sleitulaust fram til ársins 1990 þegar hann var settur undir sameiginlega skólastjórn Framhaldsskóla Vestfjarða. Að vísu var gert hlé á skólalaldi á árunum 1917 til 1924 vegna erfiðleika sem meðal annars tengdust fyrri heimstyrjöldinni.

Á þeim tíma sem skólinn starfaði var þar menntaður gífurlegur fjöldi yngismeyja, bæði ísfirskra stúlkna sem og kvenna sem komu annars staðar að og gistu á heimavist skólans. Húsmæðraskólinn hafði mikil áhrif á líf margra kvenna og má líklegt telja að fæstar

þeirra gleymi dvölinni þar. Í það minnsta hafa þær Valgerður Bára Guðmundsdóttir, Dagrún Erla Ólafsdóttir, Jónína Einarisdóttir og Flóra Sigríður Ebezersdóttir engu gleymt.

Var á undanþágu

Þrátt fyrir að fimmtíu ár séu liðin síðan þær stöllu söttu skólann muna þær enn eftir vefnaðarkennslunni hjá Guðrúnu Vigfúsdóttur, þrjónakennslunni hjá Jakobínu Pálmadóttur og síðast en ekki síst styrkri stjórn hinnar ungu og ströngu forstöðukonu Þorbjarnar Bjarnadóttur. Þessir fyrrum nemendur skólans komu saman á Ísafirði fyrir

skemmstu til að fagna 50 ára útskriftarafmæli.

„Ég er yngst af okkur“, segir Valgerður. „Ég var ekki nema sextán ára þegar fór í skólann haustið 1952 og varð sautján ára í febrúar, en aldurstakmarkið var átján ár. Þetta var voða mál og ég þurfti að fá undanþágu. Ég var trúlofuð manni sem átti föðursystur sem starfaði við skólann og hún hafði miklar áhyggjur af mér að hún vildi endilega fá mig á Grautó.“

Skólasystur hittast

Oftast voru stúlkurnar heilan vetur í skólanum, en á því

var þó allur gangur. Til að mynda gat Jónína Einarisdóttir einungis verið við skólann í stuttan tíma því hennar var þörf í vinnu. Þá ætlaði Dagrún Ólafsdóttir aðeins að vera hálfan vetur við skólann. „Ég fékk samt ekki herbergi á vistinni nema ég væri tilbúin að vera allan veturinn og ég þurfti þess vegna að slá til.“

Dagrún er sú eina af þeim fjórum sem ekki er búsett á norðanverðum Vestfjörðum. „Ég kom til að hitta fermingarsystkini mín og ákvað að nýta tækifærið til að hitta einnig skólasystur mínar úr Húsmæðraskólanum. Ég veit til þess að stór hópur kvenna sem

var með okkur í skólanum ætla að hittast á Hótel Örk í Hveragerði og rifja upp gamla tíma, líkt og við gerum hér á Hótel Ísafirði.“

Mikill agi sem hitti beint í mark

Þær Valgerður, Dagrún, Jónína og Flóra hugsa til baka og tala með miklum hlýhug um Þorbjörgu Bjarnadóttur, þáverandi skólastýru Húsmæðraskólans. „Það er í raun ótrúlegt að konan var ekki nema þrítug þegar við komum í skólann“, segir Jónína. „Þá hafði hún stýrt skólanum í fimm ár. Hún var mjög ung í

þessu starfi en tókst samt ótrúlega vel að hafa hemil á okkur, þó við værum hátt í fjórutíu ungar stúlkur.

Eðlilega þurfti hún að vera svolítið ströng á köflum en hennar agi hitti alveg í mark hjá okkur. Ég held að þessi agi hennar Þorbjargar og ýmislegt sem honum fylgdi hafi skilið hvað mest eftir sig af minningum.

Sem dæmi höfðum við engan frjálstan tíma nema milli klukkan 5 og 6 á daginn. Þá máttum við koma og fara eins og við vildum. Utan þess tíma giltu strangar reglur um hvar við máttum og máttum ekki vera. Mér skilst þó að Þorbjörg

Sara valin í 18 ára landsliðið í körfu

Sara Pálmadóttir, leikmaður hjá Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar, hefur verið valin í átján ára landslið kvenna. Liðið kom saman um fyrri helgi til að æfa fyrir Promotion Cup mótið sem haldið verður í Hafnarfirði dagana 5. til 9. ágúst í sumar. Sara er ein fimmtán stúlkna sem valdar eru í liðið og sú eina sem kemur frá liði utan suðvesturhornans. – halfdan@bb.is



Stöðvaður með laust barn í bílnum

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði í liðinni viku öllumann sem ök með ungt barn laust í bifreiðinni. Barnið var í fangi fullorðinnar manneskju í aftursæti bílsins. Ökumaðurinn var aðstoðaður við að hringja á leigubíl svo að hægt væri að fá viðunandi öryggisbúnað fyrir barnið. Má hann búa við 10 þúsund króna sekt vegna þessa. Sex ökumenn voru kærðir í vikunni fyrir of hraðan akstur og jafn margir voru stöðvaðir þar sem ljósabúnaður bíla þeirra var í ólagi. Tveir mega búa við sektum fyrir að leggja bifreiðum sínum á gangstéttum. – halfdan@bb.is

Magnús sigraði á Gullaugamótinu í golfi

Magnús Gautur Gíslason sigraði á Gullaugamótinu í golfi var haldið á Tungudalsvelli á sunnudag. Leiknar voru 18 holur í einum opnum flokki karla og kvenna og sló Magnús 76 högg. Næstur var Bjarni Pétursson með 79 högg og í þriðja sæti var Kristinn Kristjánsson með 80 högg. Með forgjöf sigruðu þeir Sigurgeir Einar Karlsson og Gunnar Ingi Elvarsson eftir með 65 högg hvor. Í þriðja sæti með forgjöf var síðan Guðjón Helgi Ólafsson með 68 högg. Náðarverðlaun hlutu þeir Þorsteinn H. Guðbjörnsson og Hákon Hermannsson. – halfdan@bb.is



hafi víst slakað á reglunum þegar á leið og meiri reynsla var komin á hennar starf.“

Þorbjörg bjargaði

Þorbjörg átti eftir að veita skólanum forstöðu í áratugi. Þegar Valgerður heimsótti skólann um það bil þrjátíu árum eftir að hún lauk þar námi rakst hún á Þorbjörgu með einkennilegum hætti. „Ég bjó þá í Reykjavík með manninum mínum. Við fórum í heimsókn til Ísafjarðar og ég vildi sýna honum húsakynni skólans.

Þetta var að vori við skólalok. Ég fór inn í ólæst húsið og sýndi manninum skólastofurnar allar, en þegar við ætluðum aftur út var útidyrhúrið læst. Leiðin niður til Berta kyndara var líka lokað. Allar sem hafa verið í Húsmæðraskólanum vita hver Berti kyndari var.

Við vissum ekkert hvað við áttum að gera, því það gat alveg eins verið að ekki nokkur maður myndi koma að húsinu fyrr en um haustið. Ég byrjaði að góla eins og ég mögulega gat og var svo heppin að eftir smástund kom frú Þorbjörg til að ganga frá og loka öllum gluggum, sem var hennar síðasta verk á hverju

vori. Þannig losnuðum við úr þrúskuninni og Þorbjörg bauð okkur meira að segja í kaffi.“

Lærðu ekki einvörð-ungu heimilisstörf

Í skólanum lærðu stúlkurnar fræði sem áttu eftir að nýtaðst þeim í lífinu. „Við lærðum búreikninga og svo var eitt fag sem hét „þvottur og ræsting“. Við lærðum þó alls ekki eingöngu heimilisstörf. Þannig lærðum við íslensku og dönsku, bókmenntir, söng og leikfimi, svo fátt eitt sé nefnt“, segir Dagrún.

„Svo má ekki gleyma manneldisfræðinni“, bætir Valgerður við. „Ég nota manneldisfræðina ennþá og fletti oft upp í bókunum mínum. Innan hennar var lögð rík áhersla á næringarefnafræði og vörubekkingu.

Við fengum líka að sauma á okkur föt í tímum hjá henni Jakobínu Pálmadóttur. Kennslan hjá henni var alltaf svolítið frjálsgleg. Ég græddi kjól og ýmislegt fleira á meðan ég var í skólanum.“

Rekstrarsjón á sunnudögum

Þótt stúlnanna hafi verið gætt og reglur verið strangar var þó nokkur afþreying í boði „Það var náttúrulega ekkert útvarp og ekkert sjónvarp á herbergjunum en samt var nóg að gera. Mér fannst til dæmis kvöldvöskurnar alveg æðislega menningarlegar og skemmtilegar“, segir Valgerður. „Þar voru lesin kvæði og sögur og boðið upp á ýmis konar skemmtiatriði.“

„Svo var rekstrarsjón á sunnudögum“, bætir Flóra við. „Þar gat maður fengið Valash-gosdrykk og hlustað á lifandi tónlist.“

Jónína bætir því við að böll hafi verið haldin einu sinni í mánuði. „Þá var dansað í Alþýðuhúsinu. Mér þótti mjög skrítið að sumar stúlkurnar nýttu sér ekki einu sinni böllin, voru komnar í skólann til að læra og bara til að læra.“

Allt gert til að brjóta útivistarreglurnar

Eins og við mátti kannski búast reyndu margar stúlkurnar allt hvað þær gátu til að brjóta settar útivistarreglur. Þetta var oftast gert svo hægt væri að umgangast hitt kynið að einhverju marki. Valgerður segir frá tveimur bræðrum sem hún var skotin í, harðtrúlofuð stúlkan.

„Þetta voru tveir yndislegir bræður, en ólíkir. Annar dansaði eins og engill og vangaði við mig öll böll. Hinn var miklu meiri töffari, stórglæsilegur maður sem fylgdi mér heim að Grautó og kyssti mig við hliðið“, segir Valgerður, en við þessa yfirlýsingu hennar taka hinar stúlkurnar andköf.“

EKKI komust allar upp með agabrot

Stúlkurnar í Húsmæðraskólanum Ósk stóðu saman að því að koma í veg fyrir að upp um agabrot þeirra kæmist. „Einu sinni skilaði ein stelpa sér ekki í hús fyrir háttatíma“, segir Valgerður. „Við tróðum koddum undir sængina hennar og biðum með öndina í hálsinum eftir frú Þorbjörgu, sem ævinlega bankaði korteri eftir heimkomutíma og sagði: „Allir hér“. Í þetta skiptið komst hún ekki að neinu.

Þær sem stálu til að vera úti þurftu svo að troða sér inn um glugga. Oftast gekk það áfálalítið en í eitt skipti festist ein á mjöðmunum í glugganum. Sem betur fer fylgdu henni tveir strákar og gátu ýtt á eftir henni.“



Útskriftarnemendur Húsmæðraskólans Óskar vorið 1953.

Það kom þó fyrir að stelpurnar í Grautó komust ekki upp með að brjóta reglurnar og voru tvær þeirra reknar frá skólanum þennan vetur, önnur fyrir að láta barna sig og hin fyrir að skila sér ekki í hús eina nóttina.

Húsmæðraskólum hefur

fækkað mjög á síðustu áratugum og finnst þeim stöllum það mjög miður. „Ég held að það sé að hluta til vegna þess að kennsla í heimilisfræðum hefur færst niður í grunnskólana“, segir Dagrún. „Ég held að það sé þó ennþá full þörf fyrir skóla af þessu tagi og er hand-

viss um að ungar konur, já og ungir menn, hefðu verulega gott af því að læra þau fræði sem við vorum að læra.“

„Og svo má geta þess að nú er sem betur fer farið að meta hússtjórnarnám til 32ja eininga til stúdentsprófs“, bætir Fjóra við að lokum.



Nemendur Húsmæðraskólans Óskar á grímuballi veturinn 1952-1953.



Tryggingamiðstöðin hf. hélt svokallaðan gleðidag hjá umboðsmanni sínum á Ísafirði á föstudag. Gatan milli útibús Tryggingamiðstöðvarinnar og verslunarhússins Neista var lokað bílaumferð seinni part dags og boðið upp á grillaðar pylsur, hoppikastala fyrir börnin og körfuboltakeppni svo fátt eitt sé nefnt. Ungir harmonikkuleikarar og kántrisveitin Unaðsdalur léku fyrir gesti sem voru fjölmargir á tímabili, enda veður gott og iðulega fjölmargir á ferð um miðbæ Ísafjarðar á þessum tíma. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd kunnu börnin vel að meta hoppikastalann.

Tvær ungar stúlkur slösuðust um helgina

Fimmtán ára gömul stúlka slasaðist þegar hún féll af hestbaki á reiðvellinum í Hnífsdal á föstudagskvöld. Stúlkan var flutt með sjúkrabifreið á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Meiðsl hennar reyndust ekki eins alvarleg og óttast var í fyrstu. Þá slasaðist þrettán ára gömul stúlka í Öfundarfirði á sunnudag. Lögregla og sjúkraflutningamenn voru sendir á staðinn og kom í ljós að stúlkan hafði skorist á fæti og var mikið kvalin. Stúlkan var flutt á Fjórðungssjúkrahúsið þar sem gert var að sárum hennar. –halfdan@bb.is

Bróðir minn Ljónshjarta á Sæluhátið

Leikritið Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren er viðfangsefnið hjá leikfélaginu Hallvarði súganda á Suðureyri um þessar mundir. Leikstjóri er Elfar Logi Hannesson. Æfingar hófust í lok maí en frumsýningin verður 10. júlí. Frumsýning á leikriti í uppfaerslu Hallvarðs súganda markar að þessu sinni eins og undanfarin ár upphaf Sæluhelgar Súgfirðinga. Leikritið fjallar um þá Jónatan og Karl Lejon sem láta lífið ungir að árum. Eftir dauðann fara þeir til Nangiala þar sem enn er tími varðeldanna og ævintýranna. – hlynur@bb.is

Námufélagi dreginn út í fermingarleik LÍ

Hjalti Már Magnússon á Ísafirði var dreginn út í fermingarleik Landsbanka Íslands og hlaut veglega Canon Powershot A200 stafræna myndavél frá Nýherja. Bryndís Baldursdóttir þjónustufulltrúi afhenti Hjalta myndavélina í útibúi bankans á Ísafirði. Allir félagar í Námunni, námsmannabjónustu Landsbankans, sem fæddir eru á árinu 1989 og lögðu inn á sparireikning eða tékka-reikning í bankanum fyrir 31. maí, áttu kost á að vera dregnir út. Landsbankinn hefur lengi fært viðskiptavinum sínum gjöf á fermingarárinu. – kristinn@bb.is

Til hamingju með glæsilegt Safnahús

Þjóðahátíðardaginn 17. júní 2003 var formlega tekið í notkun nýtt hús fyrir söfnin í Ísafjarðarbæ. Húsið sem um

nokkurt skeið hefur gengið undir heitinu „Gamla Sjúkrahúsið“ er glæsileg bygging og ber höfundu sínum Guðjóni

Samúelssyni fagurt vitni og setur sterkan svip á byggðina á Skutulsfjarðareyri. Í þessu húsi, sem reist var á undraskömmum tíma og tekið í notkun 1925, hafa margir hafið lífsgönguna og margir lokið henni, auk allra þeirra sem þangað sóttu hjúkrun og lækningu bróðurpart síðustu aldar.

Mér er það sérstakt ánægju-efni að nú skuli vera komin laus á húsnæðisvanda safnanna á Ísafirði, sem alltof lengi hafa búið við ónógan kost og þröngan, söfnunum til ama og erfiðs, einkum starfsfólkinu.

Bæjarbúum öllum, stafs-fólki og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eru færðar hamingju-óskir á þessum tímamótum, sem renna enn styrkari stoðum undir Ísafjörð sem menningar-bæ. Í Safnahúsið Eyrartúni, þar sem áður stóð Eyri við Skutulsfjörð, munu margir sækja sér andlega næringu og heilsubót ekki síður en meðan húsið gegndi fyrra hlutverki.

Að lokum þakka ég boð um að vera viðstaddur opnun hússins, sem því miður reyndist ekki unnt að þiggja vegna anna og skylduverka. Hugur fyrrum bæjarstjórnarmanns er hjá Ísfirðingum á þessum merku tímamótum, sem leiða til frekari sóknar höfuðstaðar Vestfjarða. Um leið er rétt að þakka þingmönnum Vestfirðinga og ríkisstjórn fyrir myndarleg átak til þess að ljúka mætti þessum áfanga.

Hugheilar árnaðaróskir og hjartahljýjar kveðjur af Suðurlandi.

Ólafur Helgi Kjartansson.

Tónlistarhátíðin „Við Djúpið“ hefst í kvöld

Tónlistarhátíðin „Við Djúpið“ hefst á Ísafirði og í Bolungarvík í kvöld með tónleikum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þar sem fram koma þau Guðrún Birgisdóttir flautuleikari og Pétur Jónsson gítarleikari. Á morgun standa þeir Jónas Ingimundarson píanóleikari og Ólafur Kjartan Sigurðarson barítónsöngvari fyrir dagskrá í Hörmrum sem nefnist „Hvað ertu, tónlist?“.

Á laugardagskvöld verða haldnir hátíðartónleikar í Víkurbæ í Bolungarvík þar sem allir fjórir listamennirnir koma fram og leika blandaða tónlist.

Síðustu tónleikarnir verða haldnir í Hörmrum á sunnudagskvöld, en þar flytja þeir Jónas og Ólafur sígildar



Pétur Jónasson, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Guðrún Birgisdóttir og Jónas Ingimundarson.

söngperlur. Samhliða tónleikaröðinni verða haldin námskeið og munu nemendur þeirra láta ljós sitt skína klukkan hálf sex á sunnudag á sérstökum nemendatónleikum. Aðgöngumiðar á alla tónleikana verða seldir við innganga þeirra.

Hátíðin er haldin í samvinnu

við Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, tónlistarskólana á Ísafirði og í Bolungarvík, Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar, Hótel Ísafjörð og Flugfélag Íslands. Þá styrkja hátíðina Sjóva – Almennar tryggingar og Menningarborgarsjóður.


halfdan@bb.is

Tómas Guðni Eggertsson hélt tónleika í Bolungarvík

Fékk blóm, vettlinga og harðfisk að launum

Píanóleikarinn Tómas Guðni Eggertsson hélt í síðustu viku tónleika í Víkurbæ í Bolungarvík við góðar undirtektir áheyranda. Tómas er Vestfirðingum góðkunnur en hann kenndi við tónlistarskólana í Bolungarvík og á Ísafirði um tveggja ára skeið. Meðal annars hélt hann uppi öfluglu lúðrasveitarstarfi en nú var hann á heimavelli við flygilinn.

Að tónleikunum í Vík-



Soffía færir Tómasi Guðna blóm, vettlinga og harðfisk.

urbæ loknum færði Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans í Bolungarvík, einleikaranum bolvísk blóm og handprjónaða vettlinga

fyllta harðfiski. Þóttu gjafirnar hæfa vel í þakklætisskyni fyrir framlag hans til tónlistarflutnings og kennslu. – kristinn@bb.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju vegna andláts og jarðarfara bróður okkar og frænda

Magnúsar Jónssonar
frá Minni Hattardal

Gísli Jónsson	
Björn Jónsson	
Einar Jónsson	Soffía Bergmannsdóttir
Ólöf Jónsdóttir	
Guðbjörg Jónsdóttir	Sveinn Sörensen
Sigríður Jónsdóttir	Þorsteinn Magnfredsson
Halldóra B. Jónsdóttir	Jónas Guðmundsson
Ingibjörg R. Jónsdóttir	Elvar Reynisson
Ásmundur Ásmundsson	

STAKKUR SKRIFAR

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní

Nú eru 59 ár frá lýðveldisstofnun í rigningunni á Þingvöllum 1944. Þegar heimsstyrjöld hafði staðið á fimmta ár slitu Íslendingar tengslin við danska konunginn, sem sat í hernumdri Danmörku. Dauft var yfir Dönum en Íslendingar fögnuðu endanlegu frelsi, og höfðu þó öðlast fullveldi nærri 26 árum fyrr og heimastjórn 1. febrúar 1904, er Hannes Hafstein sýslumaður á Ísafirði varð fyrsti íslenski ráðherrann. Á þessum tímamótum þegar liðin eru 192 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, frelsihetjunnar og baráttumannsins, sem lagði línurnar fyrir sjálfan sig og eftirkomendur, og Íslendingar heiðruðu með því að stofna lýðveldið á afmælisdegi hans, blasir við að næsta stórhátíð þjóðarinnar verður að minnast aldarafmælis heimastjórnar eftir tæpa átta mánuði. Ísfirðingum rennur þar blóðið til skyldunnar að minnast í senn sýslumanns síns, er hvarf að störfum ráðherra og mótaði þau að fenginni lífsreynslu hér vestra, og þess merka áfanga að stjórnun lands og lýðs var komin heim. Óskir Jóns Sigurðssonar höfðu ræst.

Merkir áfangar í sögu íslenskrar þjóðar eru því nátengdir Ísafirði, Ísfirðingum og Vestfirðingum öllum. Sá ráðherra er við tók af Hannesi 1909 var Björn Jónsson frá Djúpadal í Gufudalssveit, sem var alþingismaður bæði Strandamanna og Barðstrendinga. Hann gegndi embætti ráðherra í tvö ár, var mikilvirkur blaðamaður og ritstjóri, gaf út Ísafold og var faðir

fyrsta foseta lýðveldisins, Sveins Björnssonar, sem einnig var þingmaður Reykvíkinga um skeið og fyrsti sendiherra Íslendinga í Danmörku.

Vart hefur prestsonurinn frá Hrafnseyri, Jón Sigurðsson, séð þróun frelsisbaráttu Íslendinga fyrir, eins og hún áxlaðist, en markið var honum ávallt ljóst, heimastjórn Íslendinga. Hann var lýðræðissinni eins og fram kom í Nýjum félagsritum 1841: „...en aðalhugmynd þeirra er sú hin sama, sem lýsti sér í stjórn hinna fornu Íslendinga og náttúrulegust er, að þjóðin sjálf á höfuðvaldið, og enginn á með að skera úr málefnum þeim sem allri þjóðinni viðkoma, nema samkvæmt vilja flestra meðal þjóðarinnar.“ Þessi háttur er viðhafður í íslenska lýðveldinu. Kosið er til Alþingis og sveitarstjórna á fjögurra ára fresti, nema sérstakar aðstæður komi til. Hver Íslendingur sem náð hefur 18 ára aldri er kjördagur rennur upp á kosningarétt, uppfylli hann almenn skilyrði til þess. Lýðræði er ekki sjálfgefið, en hitt er ekki nýtt að menn deili hart um stjórnmál og úrlausnarefni kjörinna fulltrúa, svo sem glöggst kom í ljós við nýafstaðnar alþingiskosningar. Þá skiptir máli að muna, að í boðskap sínum sagðist Jóns Sigurðsson í umræðum um föðurlandsást, meina þá föðurlandsást, sem elskar land sitt eins og það er, kannast við annmarka þess og kosti og vill ekki spara sig til að styrkja framför þess, en forðast skrum og ávaxtarlausan hégóma. Það er kjörnum fulltrúum okkar Íslendinga gott vegarnesti á þjóðhátíðardegi.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Kvennahlaup á laugardag

Á laugardag klukkan 14 verður kvennahlaupið haldið á Ísafirði í 14. sinn. Skráning í hlaupið er hafin í versluninni Nærveru og hjá Sjóvá-Almennum á Ísafirði, en einnig verður hægt að skrá sig í íþróttahúsinu á Torfnesi klukkutíma fyrir hlaup. Þátttökugjald er 800 krónur og er kvennahlaupsbolur innifalinn í gjaldinu.

Hægt er að velja um þrjár vegalengdir, 2,5, 5 eða 7 kílómetra. Upphitun hefst hálftíma fyrir hlaup, en að því loknu fá allir þátttakendur verðlaunapening og svaladrykk.

Þar sem pulsinn slær...



Tókust vel og verða haldnir aftur að ári

Bryggjudagar voru haldnir í fyrsta sinn í Súðavík um liðna helgi á vegum starfsmannafélags Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. og Súðavíkurhrepps. Að sögn Vilborgar Arnardóttur eins af skipuleggjendum Bryggjudaganna var dagskránni vel tekið og verður því hátíðin haldin á ný að ári liðnu. „Hátíðin hefur vakið mikla lukku enda var fólk duglegt að taka þátt“, segir Vilborg. Bryggjudagar hófust á föstudag með kynnisferð að þorskeldikvíum Hraðfrystihússins Gunnvarar á Álftafirði. Um kvöldið var siglt að Fofafeti í Hestfirði þar sem gengið var um undir leiðsögn Barða Ingibjartssonar.

Á laugardag fór fram dorgkeppni á bryggjunni í Súðavík. Mætti fjöldi fólks ýmist til að taka þátt eða fylgjast með. Til keppni voru skráð 45 börn og 11 fullorðnir og fengu allir viðurkenningu fyrir þátttöku. Ísak Pálmason fékk mestan heildarafla meðal barna en hann dró 4620g úr sjó. Arnar Haraldsson átti stærsta fiskinn meðal barna og vó hann 652g en Elmar Atli Garðarsson



Mæðginin Aron Ingi Gestsson og Steinunn Björk Jónatansdóttir tóku þátt í dorgveiðikeppninni.

veiddi þann minnsta sem var 62g.

Í keppni fullorðinna aflaði Vala Hansdóttir mest en hún dró 5945g úr sjó. Stærsti fiskurinn kom í hlut Þorsteins Andréssonar og vó hann 3325g. Minnsta fiskinn átti Jón Grétar Kristjánsson en hann vó 42g. Heildaraflinn í dorgveiðikeppninni var 85 kíló og 373g.

Sídegis á laugardag var grillað á Langeyri innan við nýju byggðina í Súðavík. Vil-

borg segir að vel hafi tekist til við að glóða pylsur og kjöt en vindur hafi snúið í óheppilega átt og því hafi dagskrá verið haldið áfram í félagsheimili Súðavíkinga. Þar lék trúbadorinn Guðmundur Hjaltason fyrir gesti og ungmenni spreyttu sig á söng.

Bryggjudögum lauk á „bökkuballi“ að hætti Súðvíkinga þar sem dúettinn Baldur og Margrét léku fyrir dansi fram eftir nóttu.

kristinn@bb.is



Súðvísk ungmenni taka lagið með Guðmundi Hjaltasyni.



Bryggjudögum lauk á „bökkuballi“ að hætti Súðvíkinga þar sem dúettinn Baldur og Margrét léku fyrir dansi fram eftir nóttu.

KVENNAHLAUP

21. júní 2003

Sterk bein alla ævi - HREYFÐU ÞIG REGLULEGA

Ganga eða skokk, þú ræður hraðanum. Þátttökugjald: 800 kr.

Hlaupið er á eftirtöldum stöðum á svæðinu:

Ísafjörður:	Íþróttahúsið Torfnesi kl. 14. Frítt í sund e. hlaup. Forsala við Silfurborgi kl. 16-18.
Bolungarvík:	Heimaklettur, hús U.M.F.B. kl. 13. Forsala Sigrún á Höfðastíg 14 og Unnur Ljósalandi 11
Flateyri:	Íþróttahús kl. 13. Forsala á hlaupadag í sundlaug frá kl. 12 og frítt í sund e. hlaup.
Suðureyri:	Grunnskóli kl. 14.
Patreksfjörður:	Sundlaug kl. 14. Forskráning Hársnyrtihúsið Stínukot. Frítt í sund e. hlaup.
Barðaströnd:	Olía Innri Múla kl. 15. Öl eða annar svaladrykkur og heimabakaðar kökur.
Tálknafjörður:	Íþróttahús kl. 16. Frítt í sund fyrir þátttakendur eftir hlaup.
Bildudalur:	Frá slökkvistöð kl. 14.
Þingeyri:	Íþróttamiðstöð kl. 11.
Hólmavík:	Söluskáli kl. 14.
Dranganes:	Fiskvinnslunni kl. 10.30
Bjarnarfjörður:	Oddi kl. 20.



Beinvernd er samstarfsaðili Kvennahlaups ÍsÍ í ár. Ein af hverjum þremur konum brótnar af vöðum beinþynningar einhvers tína á ævinni. Hlestu konumir gegn beinþynningu eru regluleg hreyfing og góð næring, sem felur í sér nægjanlegt kálí og D-vítamín.

Flýttandi



ÍSÍ - ÍSÍ - ÍSÍ

SÍÐA - ALMENNAR

AUSTURBAKKI

ISLÁND

ISLÁND



helgar dagbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

smáar

Óska eftir 4-5 lykileinstaklingum til markaðs- og kynningarstarfa. 25 ára aldurstakmark. Mjög góð laun í boði fyrir rétta aðila. Leggðu inn nafn, netfang og símanúmer á netfangið baldur@snarpa.is og við höfum saband.

Óska eftir hornsófa eða sófa-setti. Uppl. í síma 867 1293.

Til sölu er ósamsett gestahús frá Húsasmíðjunni. Uppl. í síma 899 7430 og 456 7430.

Barnapía óskast á daginn fyrir eins og hálfs árs gamla stelpu á Ísafirði. Uppl. gefur Hulda Lind í sínum 456 4521 eða 848 2991.

Vantar dráttarbeisli undir Toyota Corolla. Upplýsingar í síma 847 8531.

Til sölu er hellueldavél með blástursofni. Selst ódyrt. Uppl. í síma 456 3641.

Grófröndótt kisa með hvítar hosur og hvítt trýni er í óskúlin í hesthúsinu í Hnífsdal. Var með ól og er greinilega heimilisléttur. Uppl. gefur Hulda Braga í síma 456 3135 og 860 4414.

Sundfatnaður, regnfatnaður, hjólahjalmur og húfur og vettlingar í öllum regnbogans litum er í óskúlin í Tónlistarskóla Ísafjarðar. Fólk getur litið inn á næstu vikum og vitjað þeirra.

Eins árs gamall Labrador-hundur fæst gefins. Gott efni í veiðihund. Uppl. í síma 867 1285.

Til sölu er 3ja herb. íbúð í Stórholti 11. Verð kr. 3 milljónir. Uppl. í sínum 551 4998 eða 846 0230.

Föstudaginn 20. júní frá kl. 13-17 verður garðsala á leikföngum og húsgögnum á leikskólanum Eyarskjóli á Ísafirði. Allt verður selt gegn vægu gjaldi. Tilvalið fyrir foreldra, ömmur og afa og alla þá sem fá börn í heimsókn.

afmæli

Sveinn Bernódusson, járnsmíðameistari, Skólastíg 7 í Bolungarvík varð fimmtugur í gær, 18. júní. Af því tilefni verður opið hús í félagsheimili Bolvíkinga föstudaginn 20. júní frá kl. 20-23.

bb.is

– vettvangur Vestfirðinga nær og fjær. Góður auglýsingamiðill!



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 20. júní

- 17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.30 Einn sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Lífið í Louisiana. (My Louisiana Sky) Bandarísk mynd frá 2001. Sagan gerist í Louisiana árið 1957 og segir frá ungri stúlku sem þarf að spjara sig sjálf eftir að amma hennar fellur frá. *Adalhlutverk: Juliette Lewis, Kelsey Keel, Shirley Knight, Amelia Campbell og Chris Owens.*
